**Nd.** **171. Breytingartillögur**

við frv. til raforkulaga.

Frá Sigurði Þórðarsyni.

1. Við 25. gr. C-liður falli burt.
2. Við 26. gr. Greinin falli burt.
3. Við 27. gr. Orðin „og 26. gr.“ falli burt.
4. Við 28. gr. Síðari málsgrein falli burt.
5. Við 29. gr. Síðari málsliður síðari málsgr. falli burt.
6. Við 30. gr. Við greinina bætist:
   Söluverð raforkunnar skal vera hið sama um allt land og eigi hærra til notenda utan kaupstaðanna en íbúar þeirra þurfa að greiða á hverjum tíma að meðaltali.
7. Við 46. gr. Á eftir fyrri málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Svo fljótt sem verða má, eftir gildistöku laga þessara, skal lokið rannsóknum á því, hvernig bezt verði fullnægt raforkuþörf landsmanna hvarvetna á landinu, og skal raforkumálasjóri gera áætlanir um framkvæmdir. Skulu áætlanir þessar miðaðar við það, að rafveitur ríkisins komi upp orkuverum og háspennulínum á árunum 1946—1955, er nægi til þess, að í lok þess tímabils geti sem flestir íbúar hverrar sýslu og hvers kauptúns fengið keypta raforku innan sýslunnar eða kauptúnsins, er fullnægi áætlaðri orkuþörf þeirra fyrst um sinn.